

Ályktun sjötta þings Kennarasambands Íslands 3. apríl 2014

Sjötta þing Kennarasambands Íslands lýsir furðu sinni á staðhæfingum sem fram koma í auglýsingu Sjálfstæðisflokksins vegna borgarstjórnarkosninga í Reykjavík í Fréttablaðinu í morgun. Í auglýsingunni er staðhæft að skólakerfið hafi brugðist börnunum okkar. Bætt er við að skólakerfið hjakki í sama farinu. Þessum gífuryrðum og sleggjudómum mótmælir þing KÍ harðlega.

Innihald auglýsingarinnar er einnig í fullkomu ósamræmi við orð Halldórs Halldórssonar, borgarstjóraefnis Sjálfstæðisflokksins, sem undir auglýsinguna ritar, þegar hann ávarpaði þing KÍ á þriðjudag. Þar sagðist hann vera talsmaður samstarfs og sátta í skóla- og menntamálum.

Slíkt ósamræmi milli þess sem Halldór segir milliliðalaust við kennara á þingi þeirra og þess sem hann segir almenningi í auglýsingunni er óskiljanlegt.